

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um ríkisjarðir.

Frá Silju Dögg Gunnarsdóttur.

1. Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi ríkisjarðir? Hyggst ráðherra láta endurmeta stefnu á sviði jarðamála ríkisins?
2. Hefur ráðherra í hyggju að leggja mat á kosti og galla þess að ráðstafa ríkisjörðum til ábúðar?
3. Hyggst ráðherra láta endurskoða ábúðarkerfi ríkisjarða til þess að stuðla að markvissri nýtingu þeirra í þágu landbúnaðar?
4. Ætlar ráðherra að láta framkvæma sérstaka úttekt á ábúðarkerfinu, meta gildi þess og árangur og leggja mat á aðra valkosti en núverandi fyrirkomulag? Ef svo er, yrðu allar ríkisjarðir í slíkri úttekt eða aðeins ábúðarjarðir og hvenær lægi úttektin fyrir?
5. Yrðu í þess konar úttekt kannaðir sérstaklega þættir eins og umfang kerfisins, afkoma bænda í kerfinu, skipti á ábúendum, tekjur og gjöld ríkisins af kerfinu, mat á samfélagslegum þáttum, mat á kostum og göllum á núverandi fyrirkomulagi eða aðrir þættir?

Skriflegt svar óskast.